



Bæjarmyndin á Akureyri líktist helst innvolsi fallegrar snjókúlu í fannkomunni í gær. Veðurhorfur eru kaldar fram eftir viku þótt ekki sé búist við snjó fyrir sunnan. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Trassa eftirlit með leiktækjum

Reykjavíkurborg fer ekki eftir reglum um eftirlit með ástandi leiktækja. Aðalskoðun á að gera árlega. Borgin hefur litt sinnt því frá árinu 2013. Segir það vera of dýrt og að reglulegar rekstrarskoðanir dugi.

REYKJAVÍK Aðalskoðun leiksvæða í Reykjavík, sem samkvæmt reglugerð skal framkvæmd á minnst tólf mánaða fresti, hefur einungis verið framkvæmd í undantekningartilfellum síðan árið 2013.

Þetta staðfestir Ólafur Ólafsson, deildarstjóri opinna svæða hjá borginni.

Reglur um skoðun leiksvæða kveða á um að rekstraradili skuli sjá til þess að á leiksvæðum sé svokölluð rekstrarskoðun framkvæmd ársfjórðungslega. Einnig skal rekstraradili sjá til þess að aðalskoðun sé framkvæmd einu sinni á ári af faggiltum skodunaraðila, í þeirri



Við höfum bara ekki komist yfir meira.

Ólafur Ólafsson, deildarstjóri opinna svæða hjá Reykjavíkurborg

skoðun skal staðfesta öryggi leiksvæðisins í heild.

Ástæðuna fyrir því að aðalskoðun sé ekki framkvæmd segir Ólafur vera að niðurstöður og athugasemdir úr rekstrar- og aðalskoðun séu þær sömu, því hafi

verið ákveðið að leggja áherslu og fjármuni í að sinna ábendingum úr rekstrarskoðun.

Þá segir hann að eftir hrun hafi verið dregið verulega úr fjármunum til viðhalds á mannvirkjum borgarinnar og að í kjölfarið hafi verkefnið hlaðist upp.

„Það hefur verið uppi umræða um að þetta séu mjög ítarlegar kröfur og ég efast um að nokkur geti látið rekstrarskoða hjá sér fjórum sinnum á ári og svo aðalskoða,“ segir Ólafur og bætir við að borgin láti rekstrarskoða árlega. „Við höfum bara ekki komist yfir meira.“

Viðurlög við brotum á reglugerð

um öryggi leikvallatækja og leiksvæða, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, geta varðað sektum eða fangelsi. Aðspurður hvort borgin hafi þurft að sæta viðurlögum segir Ólafur svo ekki vera.

Spurður að því hvort ekki sé alvarlegt að borgin fylgi ekki settum reglugerðum segir Ólafur að vel megi rökstyðja það, „en ég er að reyna að rökstyðja af hverju við gerum þetta svona. Við teljum skynsamlegt að að vinna úr athugasemdum rekstrarskoðunar á skipulegan hátt,“ segir hann.

„Þetta eru mjög ítarlegar skoðanir,“ bætir Ólafur við. — **bdj**

Róbert í forvali Vinstri grænna

STJÓRN MÁL Róbert Marshall, upplýsingafultrúi ríkisstjórnarinnar og fyrrverandi alþingismaður Samfylkingar og Bjartrar framtíðar, og Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra, eru taldir líklegir til að fara fram í Reykjavík í forvali Vinstri grænna.



Róbert Marshall, upplýsingafultrúi ríkisstjórnarinnar.

Búist er við að Guðmundur Ingi taki þátt í forvali í Suðvesturkjördæmi en ekki Reykjavík eða á heimavelli í Norðvesturkjördæmi. — **khg / sjá síðu 4**


www.volkswagen.is/id4

Verð frá 6.490.000 kr.



ID.4 er mættur!

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170





Blátindur sökk í óveðri í febrúar.

Skemmdarverk að farga Blátindi

MINJAVERNÐ Stjórn Hollvina Húna II á Akureyri og Stjórn Hollvina Magna í Reykjavík skora á stjórn Minjastofnunar og Framkvæmda- og hafnarráð Vestmannaeyja að farga ekki skipinu Blátindi.

Blátindur sökk í óveðri í febrúar í fyrra. Talið er að það muni kosta um og yfir 100 milljónir að koma bátinum í sýningarhæft ástand.

Í áskoruninni segir að Blátindur sé síðasti báturinn sem sé til frá þeirri blómlegu skipasmíði sem hafi verið í langan tíma í Eyjum.

„Ef af förgun yrði er það óafturkræft skemmdarverk í verndun sögu skipasmíða í Eyjum og sögu Eyjanna,“ segir í áskoruninni.

Þá segir að fullyrðingar um að erfitt sé að fá efni og þekking sé varla fyrir hendi til að endurbyggja Blátind séu rangar. Í Noregi séu reglulega gerð upp gömul tréskíp. Eðlilegt sé að slíkt taki fimm til tíu ár. Þannig dreifist kostnaður. „Enn eru starfandi skipasmíðastöðvar þar sem menntaðir skipasmíðir eru að starfa og annast viðgerðir á tréskípum,“ segir í áskoruninni. – bb

Eldur í Kaldaseli



Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út á sjöunda tímanum í gærmorgun eftir að mikill eldur kom upp í einbýlishúsi í Kaldaseli í Breiðholti. Maður sem var inni í húsinu þegar eldurinn kviknaði var fluttur með sjúkrabil á slysadeild. Mikinn reyk lagði frá húsinu og var íbúum hverfisins ráðlagt að loka gluggum og hækka í ofnum. Slökkviliðið fór aftur á staðinn um átta í gærkvöld er eldur kom upp á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Askja, hús raunvísindadeildar Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kærði núll komma núll

HÁSKÓLI ÍSLANDS Nemandi sem fékk núll komma núll eftir meint svindl á lokaprófi í lífrænni efnafræði í Háskóla Íslands og var áminntur og sviptur rétti til endurtökuprófs hafði betur eftir kærui til áfrýjunarnefndar í kærúmalum háskólana.

Nemandinn var sagður hafa svindlað á prófi í lok apríl með því að „hafa nýtt sér utanaðkomandi aðstoð, nánar tilteknið aðstoð af netsíðunni chegg.com“ við úrlausn á einum liði í prófinu. Hann sagði hins vegar „grunsemdir kennara“

ekki uppfylla ríka sönnunarbyrði.

Háskólinn sagði skýran ásetning til brots sannaðan. Nemandinn ítrekaði að skólinn hefði aðeins getgátur um að hann hafi gerst brotlegur.

Kærunefndin segir að sérfræðiálit sem háskólinn aflaði og hafði verulega mikla þýðingu fyrir niðurstöðu málsins hefði átt að kynna fyrir nemandanum og gefa honum tækifæri til að tjá sig um álitnið áður en ákvörðun hefði verið tekin. Því séu fyrrgreindar ákvarðanir sem og áminningin felld úr gildi. – gar

Fjóra klukkutíma yfir þrjátíu kílómetra heiði

Björgunarafræk björgunarsveitarinnar Hafliða á Þórshöfn um helgina sló í gegn enda óð sveitin af stað í skelfilegu veðri og ófærð til að koma sjúklingi áleiðis til Akureyrar. Formaðurinn segir að sveitin sé stórhuga á árinu.

ÞÓRSHÖFN „Myndböndin og myndirnar segja auðvitað smá en ekki alla söguna því ófærðin var gríðarleg. Þegar menn voru að vesenast í henni þá var auðvitað enginn að smella af,“ segir Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður björgunarsveitarinnar Hafliða á Þórshöfn.

Fréttir af björgunarafræki sveitarinnar um helgina þar sem sjúklingi var komið frá Þórshöfn yfir Höfaskarð áleiðis til Akureyrar í ófærð og óveðri vöktu mikla athygli.

Þorsteinn segir heimamenn stundum kalla skarðið Skaflaskarð. Í ákveðnum átum og veðrum skefur svo mikið í það svo það lokast.

„Staðsetningin á veginum er ekkert til að hrópa húrri fyrir,“ segir Þorsteinn og vekur athygli á að SAS-arar, eða snillingar að sunnan eins og heimamenn kalla þá, hafi haft merkilega mikla skoðun á staðsetningu vegarins.

„Það var ekki hlustað á heimamenn sem höfðu varað við þessu. Heimamenn sem þekkja svæðið eins og lófann á sér. Eins og við erum nú ánægðir með þessa leið þegar hún er fær getur leiðin verið mikill farartálmi á veturna.“

Útkallið kom um hálf tólf á laugardag og var sjúklingurinn kominn um borð í sjúkrabil frá Húsavík fjórum tímum síðar. Þorsteinn segir vegalengdina 30 til 40 kílómetra.

„Sjúklingurinn var svo kominn á sjúkrahús á Akureyri um áttaleytið um kvöldið. Hann er að braggast og þetta endaði vel, sem gefur þessu gildi.“

Þorsteinn segir hundrað manns vera í sveitinni og fimmtíu á útkallslista. „Þegar útkall kemur með svona hætti og þessum forgangi er samtakamátturinn, líðsheildin og



Sjúkrabil frá Húsavík tók á móti sjúklingnum á Hólaheiðinni. Þá áttu Þorsteinn og félagar eftir að koma sér heim. MYND/BJÖRGUNARSVEITIN HAFLIÐA

Það er ekki mikil framtíð þar sem við erum í dag.

Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður björgunarsveitarinnar Hafliða



samvinnan milli aðila mjög mikil. Þarna komu saman Vegagerðin, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitin, þeir sem moka veginn og fleiri. Menn standa upp frá matarborðinu, fara í gallana og labba út.“

Í húsakynnum björgunarsveitarinnar sátu svo menn og miðluðu upplýsingum til þeirra sem

föru á heiðina. Sveitin er stórhuga til næstu ára og stefnt er að því að byggja nýja 350 fermetra aðstöðu.

„Það er mjög metnaðarfullt verkefni í gangi sem kostar peninga og vinnu,“ segir Þorsteinn. Sveitin sé á þremur stöðum í dag.

„Á einum stað erum við í 40 feta gámi og á öðrum erum við í húsi sem er til niðurrífs á aðalskipulagi. Það er ekki mikil framtíð.“

Þorsteinn segir ekki aðeins fjölskyldur sveitarmanna vera liðlegar. Vinnuveitendur séu það líka.

„Fólk er auðvitað að gefa sína vinnu og margir vinnuveitendur hér á svæðinu taka fólk ekki af launaskrá þegar það sinnir útköllum. Fyrir það erum við þakklát,“ segir formaðurinn.

benediktboas@frettabladid.is


GÓLPEFNA
ÚTSALA 20-70%
AFSLÁTTUR*

Þúsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

*Gildir frá verðlistaverði



MAXUS

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

MAXUS EUNIQ 100% RAFKNÚINN 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL

MAXUS EUNIQ ER GLÆSILEGUR FJÖLNOTABÍLL
SEM KEMUR ÞÉR OG ÞÍNUM HVERT SEM ER Á HLJÓÐLÁTAN
OG UMHVERFISVÆNAN HÁTT.



Maxus Euniq er glæsilegur 7 manna 100% rafknúinn fjölnotabíll með 356 km drægni innanbæjar og 260 km drægni í blönduðum akstri.

VERÐ KR. **6.690.000**

MAXUS
100%
RAFKNÚINN

- 360° myndavélakerfi.
- Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
- Rafopnun á afturhlera.
- Upp að 356 km drægni (WLTP).
- Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.



Maxus á Íslandi YouTube

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

www.vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Fyrirverandi þingmaður Samfylkingar og Bjartrar framtíðar íhugar framboð fyrir VG

STJÓRN MÁL Búist er við að Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra taki þátt í forvali Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi en ekki Reykjavík eða á heimavelli í Norðvesturkjördæmi.

Oddviti VG í Suðvesturkjördæmi 2017, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, er farin til Samfylkingar en Guðmundur gæti fengið samkeppni frá þingmanninum Ólafi Þór Gunnarssyni sem hefur ekki enn tekið ákvörðun.

Talið er að varaþingmaðurinn Una Hildardóttir taki þátt í prófkjörinu en ekki Bjarki Bjarkason, forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ.

Róbert Marshall, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar og fyrirverandi alþingismaður og Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður Guðmundar Inga, eru líklegir til að fara fram í Reykjavíkurförvalinu.

Katrín Jakobsdóttir og Svandís Svavarsdóttir eiga oddvitasætin við



Róbert sat á þingi fyrir bæði BF og Samfylkinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

og ekki hefur heyrst annað en að þingmaðurinn Steinunn Þóra Árna-dóttir taki þátt í forvalinu.

Kolbeinn Óttarsson Proppé mætir líklega Heiðu Guðnýju Ásgeirs-dóttur fjalldalabónda í oddvitaslag í Suðurkjördæmi um miðjan apríl.

Súgfirðingurinn Lilja Rafney Magnúsdóttir keppir líklega við Bjarna Jónsson, sveitarstjórnarmann í Skagafirði, um oddvitasætið í Norðvesturkjördæmi.

Í Norðausturkjördæmi sækist þingmaðurinn Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir eftir fyrsta sæti. Það gera einnig Óli Halldórsson, sveitarstjórnarmaður í Norðurþingi, og Ingibjörg Þórðardóttir, ritari flokksins. Kári Gautason, framkvæmdastjóri þingflokksins, og Jódís Skúladóttir, sveitarstjórnarmaður í Múlaþingi, sækjast eftir þingsæti. Forvalið þar verður í febrúar. – khg



Tímakaup á Íslandi þriðja hæst af Evrópulöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fleiri neðan við lágmarkslaunin

VINNUMARKAÐUR Hlutfall launþega með tímakaup undir láglaunamörkum árið 2018 var hærra á Íslandi en á öllum hinum Norðurlöndunum, eða 11,2 prósent. Í Evrópu var hlutfallið lægst í Svíþjóð, 3,6 prósent, og hæst í Lettlandi, 23,5 prósent. Þetta kemur fram í niðurstöðum sam-evrópskrar rannsóknar sem birtar voru á vef Hagstofunnar.

Tímakaup á Íslandi umreiknað í evrum var þriðja hæst í Evrópu árið 2018 en hæst í Danmörku og því næst í Noregi. Sé tímakaup reiknað út með tilliti til verðlags með jafnvirðisgildum er Ísland í áttunda sæti yfir lönd þar sem mest fæst fyrir launin og Danmörk í því fyrsta. Minnst fæst fyrir launin í Albaníu þar sem miðgildi tímakaups í evrum er einnig lægst í Evrópu. – bđj

Hinn látni nafngreindur

ANDLÁT Maðurinn sem lést í Sundhöll Reykjavíkur á fimmtudag hét Guðni Pétur Guðnason og var 31 árs. Faðir hans, Guðni Heiðar Guðnason, greindi frá nafni hans í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Guðni sagði son sinn hafa verið hraustan og í góðu líkamlegu formi. Slysíð skilji eftir sig ótal spurningar.

Guðni Pétur var að störfum er hann fannst án meðvitundar í innilaug Sundhallarinnar. Hann starfaði í geðþjónustu og var með skjólstaðingi sínum í sundlauginni. Dánarorsök hefur ekki verið gefin upp en Guðni lá á botni sundlaugarinnar í sex mínútur áður en laugarverðir hófu björgunaráðgerðir. – uó

Haldlagðar húðvörur þvælast enn á milli lögregluembætta

CBD-húðvörusending sem haldlögð var á Keflavíkurflugvelli hefur þvælast á milli lögregluembætta í næstum því ár án efnagreiningar. Vörurnar eru vottaðar af Evrópusambandinu. Eigendurnir hafa ekki þorað að panta meira á meðan málið er hjá lögreglunni. Síðasti söludagur er liðinn eða nálgast óðfluga.

VIÐSKIPTI CBD-húðvörur fyrirtækisins Atomos.is voru haldlagðar á Keflavíkurflugvelli í mars og hafa verið sendar fram og til baka milli lögregluembætta síðan. Eigendurnir fá þær upplýsingar að beðið sé eftir efnagreiningu en handahóf ræður því hvaða CBD-vörur eru teknar í tollinum og sendar til lögreglu.

„Ég veit ekki nákvæmlega hvenær síðasti söludagur er, en er nánast viss um að hann sé liðinn eða að nálgast það fljótt,“ segir Unnar Þór Sæmundsson, einn eigenda Atomos.is. Fyrirtækið var stofnað árið 2019 og hannar vörur í samstarfi við Valeocare í Þýskalandi. Vörurnar eru vottaðar af Evrópusambandinu og eru í snyrtivöruvefgátt þess. Í febrúar árið 2020 gerði Umhverfisstofnun úttekt á vörunum og gerði aðeins aðfinnslur við merkingar á umbúðum.

Unnar telur söluverðmætið hafa verið nálægt tveimur milljónum króna. Fyrirtækið hafi þó skaðast um tugmilljónir þar sem eigendurnir hafa ekki þorað að panta meira á meðan mál þeirra er í gangi. „Við viljum að þetta mál verði klárað svo við getum komið fyrirtækinu aftur af stað. Við erum búnir að leggja mikið á okkur til að koma því á fót,“ segir hann.

Hægt er að kaupa CBD-olíur og krem í flestum apótekum og stórmörkuðum auk þess sem sprottíð hafa upp netverslanir sem selja vörurnar. Í mjög mörgum CBD-vörum er THC í snefilmagni, undir 0,2 prósentum, og langt frá því að valda vímu. Samkvæmt fyrirsögn Fréttablaðsins til tollstjóra eru sendingar



CBD sendingar eru haldlagðar við komuna til landsins þó að THC sé aðeins í snefilmagni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Ég veit ekki nákvæmlega hvenær síðasti söludagur er, en er nánast viss um að hann sé liðinn eða að nálgast það fljótt.

Unnar Þór Sæmundsson, eigandi Atomos.is



prófaðar af handahófi og ef eitthvað THC mælist eru vörur haldlagðar og sendar til lögreglu til frekari efnagreiningar. Skiptir þá ekki máli hvort vörurnar séu vottaðar eða teknar út af Umhverfisstofnun.

Til að byrja með fengu Unnar og félagar þau svör að tafir hefðu orðið á efnagreiningu og vinnslu vegna faraldursins og sýndu þolinmæði.

Í nóvember var málið sent til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en engin efnagreining hefur farið fram. Það síðasta sem þeir vissu var að málið væri aftur komið til Lögreglunnar á Suðurnesjum en lögmanni Atomos.is hefur reynst sífellt erfiðara að fá svör. Hefur

Félag atvinnurekenda einnig beitt sér fyrir hönd fyrirtækisins.

Ýmislegt hefur gerst í málefnum CBD og iðnaðarhamps síðan málið hófst. Í sumar var veitt undanþága til ræktunar iðnaðarhamps og í nóvember úrskurdaði Evrópudómstóllinn að CBD-vörur með THC-gildi undir 0,2 prósentum væru ekki fíkniefni.

„Ég á löglega 200 þúsund hampfræ sem ræktuð innihalda meira THC en allar vörurnar mínar til samans,“ segir Unnar. Hann segir mál Atomos.is ekki einsdæmi því fleiri innflytjendur hafi lent í haldlagningu án niðurstöðu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti á aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

BIEBER

Borðstofustóll

20% afsláttur

Útsöluverð
14.320 kr.

Verð áður 17.900 kr.
Pu leður 2 litir svartur og grár



BORÐSTOFUBORÐ

180 cm stækkanlegt eikarborðstofuborð

20% afsláttur

Útsöluverð
116.720 kr.

Verð áður 17.900 kr.

KOMDU OG GERÐU GÓÐKAUP STRAX Í DAG

Rúmföt -20%	Heilsurúm -20-40%	Sófar -20-50%	Hægindastólar -20%	Gjafavara -20%	Húsgögn -20-50%
----------------	----------------------	------------------	-----------------------	-------------------	--------------------

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Tíu ár frá þáttaskilum í arabíska vorinu en einræðisherrar stjórna

EGYPTALAND Í gær voru tíu ár frá því að alda mótmæla gegn stjórnvöldum hófst í Egyptalandi. Atburðirnir mörkuðu þáttaskil í hinu svokallaða arabíska vori sem hófst í desember 2010 í Túnis með mótmælum gegn þáverandi forseta landsins.

Í Egyptalandi var Hosni Mubarak steypt af forsetastóli eftir gríðarlega fjölmenn mótmæli í upphafi árs 2011 og bæði þing- og forsetakosning

ingar fóru fram. Mohamed Morsi, úr röðum hins múslímska bræðralags, sigraði í forsetakosningunum en var síðar fjarlægður úr embætti af her landsins. Þá tók við völdum hershöfðinginn Abdel Fattah el-Sisi og er hann nú forseti. Ástandið í Egyptalandi er því að mörgu leyti hið sama og fyrir mótmælin.

Samfélagsmiðlar gerðu fólki auðveldara um vik en áður að skipu-



Mótmæli 2011 á Tahrir torgi í Kharó í Egyptalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

leggja aðgerðir og veitti það mörgum von um breytingar. Þær vonir fjöruðu út í Egyptalandi líkt og víðast hvar annars staðar í Miðausturlöndum, til dæmis í Sírylandi, Líbíu og Jemen. Þar eru enn blóðugar borgarastyrjaldir sem ekki sér fyrir endann á. Sameinuðu þjóðirnar telja að um sex og hálf milljón Sírylendinga hafi flúið land og svipaður fjöldi sé á vergangi innan landsins.

Í flestum þeim ríkjum þar sem fólk fór á götur út og mótmælti harðræði yfirvalda hafa einræðisherrar hert tókin og barið niður hvers kyns andstöðu með valdi. Einungis í Túnis, þar sem arabíska vorið hófst, tók lýðræðislegra stjórnarfar við. Margir stjórnmálaskýrendur hafa lýst því ástandi sem tók við af arabíska vorinu sem hinum arabíska vetri. – þp

Transfólk aftur gjaldgengt í her

BANDARÍKIN Joe Biden Bandaríkjaforseti afnam í gær bann Donalds Trump gegn herþjónustu trans einstaklinga.

Trump tilkynnti fyrst um bannið á Twitter árið 2017 en það tók gildi í apríl 2019. Á þeim tíma gegndu tæplega níu þúsund trans einstaklingar herþjónustu. Þeir fengu áfram að sinna þjónustu en lokað var fyrir skráningu á trans nýliðum.

„Það er einfalt: Ameríka er öruggari þegar allir sem hæfir eru til herþjónustu geti gert það opinískt og með stolti,“ sagði Biden á Twitter eftir að bannið var afnumið.

Biden hefur nú þegar hafist handa við að snúa við tilskipunum Trumps, þar á meðal hvað varðar COVID-19 og loftslagsmál. – atv



Andrés Manuel López Obrador.

Forseti Mexíkó með COVID-19

MEXÍKÓ Andrés Manuel López Obrador, forseti Mexíkó, tilkynnti um helgina að hann hefði greinst með COVID-19. Obrador sem er 67 ára gamall sagði á Twitter að einkenni sín væru væg og að hann væri bjartsýnn eftir greininguna.

Obrador mun áfram vinna að heiman þar sem hann á í viðræðum við Vladímír Pútín, forseta Rússlands, um að útvega Mexíkó skammta af rússneska COVID-19 bóluefninu Sputnik V.

Í fyrra lýsti Obrador yfir að hann myndi reyna að útvega Mexíkóum 12 milljónir skammta af bóluefninu ef það reyndist áhrifaríkt.

Um 1,75 milljónir hafa nú greinst með veiruna í Mexíkó og 150 þúsund látist af hennar völdum. – atv

Vilja styrkja framgang kvenna en ekki halda drengjum niðri

Origo hefur sett sér það markmið að helmingur allra nýráðinna hjá fyrirtækinu verði konur. Mannauðs-stjórinn segir mikilvægt að tæknin sé bæði þjónustuð og þróuð af fjölbreyttum hópi. Reynt er að horfa á aðra hæfnipætti en reynslu þegar hægt er. Upplýsingatæknigeirinn sé enn karllægur og þurfi fleiri konur.

ATVINNUMÁL Hlutfall kvenna í nýráðningum hjá fyrirtækinu Origo í fyrra var alls 40 prósent og hlutfall kvenna af öllum starfandi hjá fyrirtækinu alls 24 prósent.

„Origo hefur náð að standa við það sem fyrirtækið ætlaði sér varðandi að fjölga konum í tæknistörfum. Upplýsingatæknigeirinn er enn nokkuð karllægur og því mikilvægt að fjölga konum í þeim geira,“ segir Dröfn Guðmundsdóttir, mannaússtjóri hjá Origo.

„Þessi geiri er ört vaxandi og til að tryggja að hugbúnaður og lausnir sem eru þróaðar fyrir viðskiptalíf og samfélög til framtíðar séu þróuð af fólki með fjölbreyttan bakgrunn og að tekið sé tillit til mismunandi sjónarmiða,“ segir Dröfn.

Markmiðið segir Dröfn helst vera að auka fjölbreytni.

„Maður er ekkert að segja að karlar séu frá Mars og konur frá Venus en við vitum að blöndun er alltaf af hinu góða,“ segir Dröfn. „Þótt við viljum styðja við framgöngu kvenna á það ekki að vera á kostnað drengja. Við viljum ekki á neinn hátt halda þeim niðri. Við erum að stækka kökuna. Það verður alltaf pláss fyrir stráka í upplýsingatækni áfram.“

Dröfn segir að umræða um blöndun og fjölbreytni sé hávær í tæknibransanum almennt. „Það er allt að verða tæknivætt og því er mikilvægt að tæknin sé bæði þjónustuð og þróuð af hópi sem endurspeglar samfélagið, sama hvort það eru konur eða karlar og því ættum við auðvitað öll að vera partur af þróuninni. Það er drifkrafturinn í þessu. Að fá sjónarmið fjölbreyttari hópa að borðinu,“ segir hún.



Dröfn Guðmundsdóttir segir nörda ekki einkenna Origo. MYND/ABSEND

Dröfn segir að þau vilji ekki aðeins að starfshópurinn endurspegli sjónarmið kvenna og karla. Einnig sé mikilvægt að blanda saman reynslu þeirra sem eldri

eru og þeirra yngri og ólíkum bakgrunni.

„Við erum að þróa lausnir fyrir framtíðina og þess vegna er rosalega mikilvægt fyrir okkur og

Maður er ekkert að segja að karlar séu frá Mars og konur frá Venus en við vitum að blöndun er alltaf af hinu góða.

Dröfn Guðmundsdóttir, mannaússtjóri hjá Origo

tæknigeirann að hafa reynslubolta og ungt og ferskt fólk,“ segir Dröfn. Til að styðja við þessi markmið hafi þau, sem dæmi, lagt aukna áherslu á að horfa aðeins minna á reynslu og einblína á aðra hæfnipætti í nýráðningum þegar tækifæri gefst til.

„Við erum með mikið af öflugum reynsluboltum svo í sumum tilvikum nýtum við tækifærið í nýráðningum til að horfa til unga fólksins sem hefur önnur sjónarmið og aðra færniþætti en fyrir eru.“

Dröfn segir störf sem séu í boði hjá Origo vera fjölbreytt.

„Þetta eru ekki bara nördar, forritun og stærðfræðiformúlur. Þetta eru ótrúlega skapandi störf og mikil samskipti. Það eru mörg spennandi störf fyrir konur hérna og okkur langar að stúlkur hugsi líka til okkar þegar þær eru að velja sér starfsframa,“ segir Dröfn.

lovisaa@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Pútín segir Navalníní-mótmæli ólögleg

RÚSSLAND Vladímír Pútín, forseti Rússlands, hefur fordæmt nýyfyrstaðin mótmæli þar í landi og sagt þau ólögleg.

Fjölmenn mótmæli brutust út víða í Rússlandi um helgina þar sem fólk safnaðist saman til að mótmæla handtöku stjórnarandstæðingsins Alexeis Navalníní. Átök brutust út milli lögreglumanna og mótmælenda og handtók rússneska lögreglan hátt í fjögur þúsund manns.

„Allir eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan ramma laganna. Allt annað vinnur ekki einungis gegn málstaðnum heldur er líka hættulegt,“ sagði Pútín.

Navalníní var handtekinn fyrir meint skilorðsbrot við komu sína til Moskvu fyrir í mánuðinum. Hann hafði dvalið í Þýskalandi í fimm mánuði eftir honum var byrjað taugaeitrið Novichok. Þar



Mótmælendur hafa gagnrýnt handtöku Navalníní. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hafa spjótin beinst að rússneskum yfirvöldum sem neita sök í málinu.

Navalníní lýsti því yfir á samfélagsmiðlum fyrir í vikunni að hann hefði ekki í hyggju að svipta sig lífi

Allir eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan ramma laganna.

Vladímír Pútín



í fangelsi. Þá sagðist hann fara varlega upp og niður stiga og að blóðþrýstingur hans væri mældur daglega svo að hann ætti ekki á hættu á að fá hjartaáfall.

Stuðningsmenn Navalníní skipuleggja nú sambærileg mótmæli sem fara fram á sunnudag. – atv



Sameyki stéttarfélag í almannajónustu óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu

Sameyki Stéttarfélag í almannajónustu, óskar eftir sumarhúsum og/eða íbúðum á leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2021.

Einungs húsnæði í góðu ásigkomulagi og í frágengnu umhverfi kemur til greina.

Upplýsingar um staðsetningu, stærð, aldur eignar, verð, ástand, fjölda gistirýma og aðra aðstöðu s.s. heita potta skulu koma fram, ásamt myndum.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Ásu á netfangið asaclausen@sameyki.is fyrir 5. febrúar n.k.

Öllum tilboðum verður svarað.

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

JANÚAR UTSALA

Í FULLUM GANGI

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.990 KR. m²

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 6.990 KR. m²

VÍNYLPARKET KÄHRS 6 mm með undirlagi
VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAM

30x60 cm hvítar veggflísam VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

60x60 cm vegg- og gólfllísam VERÐ FRÁ 4.790 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ

VERÐ FRÁ 39.990 KR.

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM
MEÐ GÓLFEFNUM

SPARAÐU TUGI ÞÚSUNDA

Birgisson®

Verðir og bakverðir



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Nú þegar tæp vika er eftir af janúar og margir bíða spenntir eftir augnablikinu þegar fletta má yfir á næstu síðu dagatalsins, minntu veðurguðirnir á sig – og líka þau sem oft eru brjóstvörnin gegn ágangi þeirra. Verðirnir okkar.

Janúar er mánuður heilsuáttaks, jólavísareikninga, myrkurs og kulda auk þess sem fjölmargir kjósa jafnvel að fara í gegnum hann án þess að innbyrða dropa af áfengi. Stramma sig aðeins af eftir jólaboðin og allsnægtirnar sem einkenna desember. Leiða má líkur að því að þessi atríði og fleiri fái okkur til að finnast janúar lengi að líða. Það er alls ekki sama fjörið og einkenndi mánuðinn á undan.

En nú upplifum við janúarmánuð í fyrsta sinn í miðjum heimsfaraldri, búandi við samkomutakmarkanir og verulega skerðingu á ferðafrelsi. Þjóðin sem vanalega flykkist í hópum til Tenerife í upphafi árs til að þreyja þorrann kemst nú hvorki lönd né strönd; hvað þá á þorablótin sem í eðlilegu árferði væru ákveðið ljós í myrkrinu. Svona miðað við stöðuna er þetta líklega lengsti janúarmánuður í manna minnum og ekki eru fréttir af veðri og færð til að lifga upp á stemninguna.

Í liðinni viku voru hús rýmd á Siglufirði, Flateyri og Ísafirði vegna yfirvofandi snjóflóðahættu, rýmingu hefur nú verið aflétt en snjóalög eru enn það óstöðug að fólk er hvatt til að fara að öllu með gát.

Vegurinn til Flateyrar er nú lokaður af sömu ástæðu og hefur verið að mestu frá því á laugardag.

Ekki er nema rétt rúmt ár síðan snjóflóð féllu í byggð og á höfnina á Flateyri og þó að Flateyringar prísir sig sæla að enn sé veturinn ekki jafn snjóþungur og í fyrra, má ímynda sér að ýmislegt fari um huga heimamanna á þessum árstíma. Snjóflóðin sem féllu í fyrra rifjuðu upp sárar minningar frá árinu 1995 þegar mannskætt flóð féll á byggðina.

Nú um helgina var björgunarsveitin Hafliði frá Þórs höfn kölluð út. Flytja þurfti sjúkling frá Þórshöfn til Akureyrar en vegna aftakaveðurs var sjúkraflyg ekki kostur. Vegurinn yfir Hólfaskarðið var í ofanálag ofær og björgunarsveitin því fengin til að fylgja sjúkrahúsinu yfir. Í aftakaveðri ruddu þau einu leiðina fyrir veikan einstakling að komast undir læknishendur.

Án þeirra sem förna frítíma sínum í erfisverkefni sem þetta er ekki vitað hvað hefði orðið um viðkomandi sjúkling. Við vitum aftur á móti að unglingsstúlkun sem grófst undir flóðinu á Flateyri fyrir ári hefði ekki komist af nema fyrir hjálp björgunarsveitanna.

Það er enn svolítið eftir af janúar og það gæti verið langur vetur fram undan. Þessi misserin erum við daglega minnt á að við séum öll í þessu saman og það gildir svo sannarlega líka um framlinuverðina sem reiða sig á okkur, bakverðina.

Munum það á meðan við reynum að keyra upp stemninguna!



Það er enn svolítið eftir af janúar og það gæti verið langur vetur fram undan.

Halldór



Frá degi til dags

Buxnaleysi

Heimurinn tekur sífelldum breytingum. Hæstiréttur Íslands hefur undanfarið verið með vinnu í gangi um samræmingu á útliti dóma. Hefur þetta komið af stað stærstu krísu innan dómstólanna frá því að Helgarpósturinn uppljóstraði að allir væru í raun buxnalausir undir skikkjunum kjánalegu. Héraðsdómur hefur notað Arial-letur í stærð 11 frá árinu 1956. Landsréttur hefur frá upphafi notað Comic Sans í stærð 14. Hæstiréttur vill helst nota Wingdings en settir sig við Courier, vilja þeir síður að málið fari alla leið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu sem notar Helvetica. Dómstólasýslan er komin í málið við dræm viðbrögð hinna, en þeir eiga það til að breyta öllu letri í Bold.

Vikan með Katrín

Það hefur lengi verið markmið hins opinbera að taka alfarið yfir hlutverk fjölmiðla. Nú þegar er til fréttaveita Stjórnarráðsins, sjónvarpsstöð Landspítalans og fréttastofa Norður-Kóreu í Reykjavík. Nýjasta nýtt er að sjálf dómsmálaráðherra er byrjuð með viðtalsþætti þar sem spjallað er á léttu nótunum við afreksfólk. Erum við nú aðeins einu skrefi frá því að forsætisráðherra byrji með eigin vikulega spjallþætti að hætti Nicolás Maduro, leiðtoga Venesúela.

Minni losun, aukin binding og aðlögun



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Aðalverkefni sérhvers ríkis í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þar á eftir kemur binding koltvísýrings, sem við gerum til dæmis með aukinni landgræðslu, skógrækt eða bindingu í berg. En annað er ekki síður mikilvægt og það er aðlögun að breytingum sem munu verða á samfélögum okkar og náttúruferjum, vegna loftslagsbreytinga.

Sem umhverfis- og auðlindaráðherra hef ég ráðstafað auknu fjármagni til vöktunar á súrnun háfsins og sjávarstöðubreytingum, hofi jókla og skriðuhættu og til rannsókna á kolefnisbindingu. Góð vöktun er ekki bara lykillinn að aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum í framtíðinni, heldur styrkir um leið stöðir hættumats og almennavarna.

Í gær og í dag er haldinn alþjóðlegur fundur um aðlögunarmál, The Climate Adaptation Summit 2021, þar sem saman komu meðal annars fulltrúar ríkja, fyrirtækja, borga, háskóla og alþjóðastofnana. Fundinum er ætlað að efla aðgerðir í þessum málaflokki á heimsvísu. Í ávarpi mínu á fundinum lagði ég áherslu á mikilvægi samlegðar í aðgerðum. Þá á ég við að gripið sé til aðgerða sem geta nýst bæði til aðlögunar og annarra samfélagslegra markmiða á sama tíma, til dæmis til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða auka samkeppnishæfni landsins. Tökum sem dæmi endurheimt votlendis. Hún getur bætt stýringu og flæði á vatni og dregið þannig úr flóðum, á sama tíma og hún leiðir til minni losunar frá framræstum múrum, endurheimtir vistkerfi og eflir líffræðilega fjölbreytni.

Árið 2019 var frumvarp mitt um að skylda íslensk stjórnvöld til þess að vinna áætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum samþykkt. Í fyrra skipaði ég svo starfshóp til þess að vinna tillögu að stefnu um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum sem meðal annars mun byggja á vísindaskýrslu um loftslagsmál og undirbúningsvinnu Loftslagsráðs, Veðurstofunnar og fleiri. Í framhaldinu verður svo unnin aðgerða-áætlun. Þetta er mikilvægt skref í loftslagsmálum.



Þetta er mikilvægt skref í loftslagsmálum.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Dagur vonar – 1. maí 2021



Bjarnheiður Hallsdóttir
formaður
Samtaka ferða-
þjónustunnar

Það var enginn lúðrablastur og engar flugeldasýningar í tengslum við tilkynningu ríkisstjórnarinnar föstudaginn 15. janúar um breytt fyrirkomulag á landamærum, sem tekur gildi þann 1. maí næstkomandi.

Þó var fréttin stór, þar sem þá verður eftir rúmlega átta mánaða þurrkatímabil, hægt að taka á móti ferðamönnum, án þess að þeir þurfi að sæta fimm daga sóttkvi við komu til landsins. Það er löngu fullreynt og vitað mál, að meðan reglur um sóttkvi eru í gildi, þá getur endurreisn alþjóðlegrar ferðaþjónustu á Íslandi ekki hafist.

Enn mikil óvissa

Skrefin sem tekin verða í byrjun maí verða varfærin. Þau taka mið af litakóðunarkerfi Söttvarnastofnunar Evrópu, þar sem ríki verða flokkuð í græn, appelsínugul, rauð og grá eftir stöðu faraldursins hverju sinni. Þannig munu gestir frá grænum og appelsínugulum ríkjum geta framvísað neikvæðu PCR-prófi frá heimalandinu og þurfa því aðeins að fara í eina skimun á landamærunum. Þeir sem geta framvísað vottorði um að hafa fengið Covid-19 eða gildu vottorði um bólusetningu munu verða undanþegnir söttvarnaaðgerðum á landamærum.

Allt er þetta samt enn þá mikilli óvissu háð. Á þessari stundu vitum við lítið um það hver þróun faraldursins verður á okkar helstu markaðssvæðum, hversu hratt bólusetningar ganga, hvenær Schengen landamærin verða opnuð, hvert almennt aðgengi verður að PCR-skimunum og síðast en ekki síst hvernig eftirspurn mun þróast, hversu fljótt fólk verður tilbúið til að ferðast og hvert og hvernig það vill ferðast. Í þessu stóra reikningsdæmi eru óteljandi óþekktar stærðir, sem leyfa uppsetningu á alls kyns sviðsmyndum sem allar eru í raun fullgildar.

Veltur allt á bólusetningu

Nýleg greining Goldman Sachs (10. janúar 2021) á tímalínu bólusetninga í heiminum gefur tilefni til nokkurrar bjartsýni, þar sem það er nokkuð víst að bólusetningar eru sú breyta sem mun hafa mest að segja um hvenær endurreisn ferða-



þjónustunnar á heimsvísu hefst. Goldman Sachs reiknar með að vegna þungrar áherslu stjórnvalda um heim allan, muni með öllum tiltækum ráðum verða settur aukinn kraftur í bólusetningar á Vesturlöndum á fyrsta ársfjórðungi. Þannig muni um 50% Bretar verða búnir að fá bólusetningu í apríl, Bandaríkjamenn í maí og Evrópu-búa í júní. Við þetta hlutfall bætast síðan þeir sem verða búnir að fá veiruna – líklega um 5-10% hvarrar þjóðar. Þetta verður, ef eftir gengur, álitlegur hópur sem getur þá ferðast óhindrað á milli landa.

Deutsche Bank er aðeins varfærari í sinni spá (19. janúar 2021) og nálgast viðfangsefnið þannig að ríkisstjórnir muni geta aflétt takmörkunum, þegar búið verður að bólusetja viðkvæmstu hópana og koma þannig í veg fyrir að heilbrigðiskerfið ráði ekki við hlutverk sitt. Bankinn telur þar af leiðandi að ekki sé þörf á að bíða með afléttingu takmarkana þar til hjardónæmi er náð. Reikna má með að viðkvæmstu hóparnir séu um það bil 20-25% hvarrar þjóðar og reiknar bankinn með að Bretar verði búnir að bólusetja þá hópa í mars, Bandaríkjamenn í apríl og að í Evrópu verði því lokið í maí.

Sveigjanleiki verður lykilatriði

Ný skýrsla ETC (European Travel Commission) tekur fyrir áætlanir íbúa álfunnar til ferðalaga, bæði innan lands og utan, á þessu ári. Hún svarar að nokkru leyti brennandi spurningum um ferðavilja og áætlanir og hvers konar ferðir verða vinsælastar. Það hafa margir haldið því fram að Covid-faraldurinn muni breyta ferðahegðun og viðhorfum fólks varanlega og ekkert verði eins og það var áður. Þannig höfum við Íslendingar talið okkur í betri stöðu en margar aðrar þjóðir, vegna fámennis, viðáttu, óbyggða,


hreinleika og fleiri þátta, sem ætla mátti að skiptu máli í kjölfar heimsfaraldurs. Skýrslan staðfestir það að bólusetningar eru þungamiðjan í ferðaaætlunum Evrópu-búa og flestir virðast aðlaga sínar áætlanir takt við framvindu bólusetninga í heimalandinu. Um það bil helmingur þeirra hyggst ferðast á árinu, eftir að hafa fengið bólusetningu. Hins vegar virðast verða litlar breytingar á áfangastöðum og innihaldi ferða. Þannig eru borgarferðir ennþá vinsælastar (17,2%) og þar á eftir sólarlandafarðir (16,2%). Náttúruupplifun og útivist eru nefnd mikilvægust af 12,2% svaraenda. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að 1-2% svarenda nefna Ísland sem áhugaverðan áfangastað.

Þessar tölur segja okkur hins vegar að það er ekkert gefið og alls óvíst að Ísland njóti einhvers konar sérstöðu þegar kemur að vali fólks á áfangastað að faraldri loknum. Þær segja okkur líka, að við megum hvergi slaka á og að sveigjanleiki, aðlögun að þörfum viðskiptavina í kjölfar heimsfaraldurs og stóru aukin markaðssókn eru lykilatriði á næstu mánuðum.

Markar vörðu inn í framtíðina

Þrátt fyrir þessa miklu og viðvarandi óvissu, þá var þessi ákvörðun stjórnvalda mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna og þá sem við hana starfa. Hún markar í það minnsta einhvers konar vörðu inn í framtíðina, sem auðveldar okkur að gera áætlanir varðandi rekstur fyrirtækjanna, starfsmannamál og ekki síst markaðsmál, bæði hjá einkafyrirtækjum og Íslandsstofu. Það eitt skiptir miklu máli varðandi hugarfar, kraft og framkvæmdagleiði og gefur allavega þá björtu von að hægt verði að afhenda þjónustuna, sem við erum að selja, frá og með 1. maí.

Próun framlaga í Rannsóknasjóð, í milljónum kr. á verðlagi hvers árs



Stefna sem skilar árangri



Katrín Jakobsdóttir
forsætis-
ráðherra



Við sjáum þessa stefnu þegar skila sér og hún mun skila samfélaginu enn meiri verðmætum til framtíðar.

Í síðustu viku var úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2021. Aldrei hafa fleiri verkefni fengið styrk og aldrei hefur hærri upphæð verið úthlutað. Rannsóknasjóður hefur 3,7 milljarða til ráðstöfunar á þessu ári en framlög til hans hafa verið aukin markvisst á þessu kjörtímabili og hafa eins og áður segir aldrei verið hærri.

En peningarnir segja ekki alla sögu. Með aukningunni hefur hlutfall þeirra verkefna sem fá styrk farið upp í 20% sem sýnir hvað eftirspurnin er mikil. Það er vísbending um vaxandi grósku í grunnrannsóknnum á Íslandi sem mikilvægt er að hlúa vel að. Fjárfesting í rannsóknnum er nefnilega fjárfesting í þekkingu sem skilar sér í auknum lífsgæðum og fjölbreyttara atvinnu- og efnahagslífi. Fyrir utan þá staðreynd að þekkingarleitun er mikilvæg sjálfrar sín vegna.

Þar með er ekki öll sagan sögð. Á kjörtímabilinu hafa opinber framlög til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina aukist um meira en 70%. Árið 2020 jókst svo fjárfesting einkaaðila, bæði innlendrar og erlendrar, í íslenskum nýsköpunar- og tæknifyrirtækjum verulega og nam hún alls 17 milljörðum sem er hærri upphæð en fjárfest var fyrir 2019 þó að um færri fjárfestingar hafi verið að ræða.

Þetta er jákvæð vísbending um

að sú stefna sem ríkisstjórnin hefur tekið og breytingar sem gerðar hafa verið til að bregðast við veikleikum í umhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi séu að skila sér. Vandí okkar var að þrátt fyrir öflugt stuðningskerfi við sprota og fyrirtæki á upphafsmetrunum stöðu fyrirtæki frammi fyrir því að þegar ákveðnu stigi á vaxtarskeiðinu var náð áttu þau í erfiðleikum með að fjármagna sig á Íslandi. Þetta er því verulegt fagnaðarefni.

Við höfum lagt mikla áherslu á að styrkja og efla umhverfi grunnrannsókna og nýsköpunar með fjármagni og aðgerðum. Við sjáum þessa stefnu þegar skila sér og hún mun skila samfélaginu enn meiri verðmætum til framtíðar. Á þessari braut viljum við halda áfram; með skýra stefnu að leiðarljósi og alvöru aðgerðir sem skila árangri.

Ný og græn orkutækifæri

Streymisfundur
27. janúar 2021
kl. 9–10

Tækifæri framtíðar,
grænt eldsneyti, gagnaver,
rafhlöður og matvæli

Hlekkur á streymið
á landsvirkjun.is

VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.



25%
AFSLÁTTUR
AF HEILSU- OG
LÍFSSTÍLSVÖRUM

OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

Þriðjudagur 26. jan.
Tilboð dagsins

Good Bar
Raspberry
Cheesecake

198 KR/STK
ÁÐUR: 319 KR/STK

Now Probiotic
100 töflur
1.759 KR/PK
ÁÐUR: 3.199 KR/PK

38%
AFSLÁTTUR

45%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

Græn epli
(kg)

Miðvikudagur 27. jan.
Tilboð dagsins



Nick's
Crunchy
Caramel eða
Soft Toffee

90 KR/STK
ÁÐUR: 199 KR/STK

55%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

Appelsínur (kg)

Fimmtudagur 28. jan.
Tilboð dagsins

Nano Prótein
Pönnukökur
Fimm tegundir

180 KR/STK
ÁÐUR: 269 KR/STK

33%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

Vatnsmelóna (kg)

nettó
Lægra verð - léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUN OKKAR
OG GERÐU INNKAUPIN Á NETINU

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS



ÚRVAL AF GÆÐAVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI!

Änglamark snyrtivörur Engin aukaeefni

25%
AFSLÁTTUR

- ✓ Engin astma- og ofnæmisvaldandi efni
- ✓ Engin litar- eða lyktarefni
- ✓ Framleitt úr völdum innihaldsefnum
- ✓ Svansvottaðar vörur



Holt í matinn frá Änglamark

25%
AFSLÁTTUR

- Margverðlaunaðar
- Umhverfisvænar
- Lífrænar
- Gæðavörur



Vítamín og fæðubótarefni frá Now á 25% afslætti

25%
AFSLÁTTUR



Öll vörulínan frá Gula miðanum á 25% afslætti

25%
AFSLÁTTUR



Mamma Chia skvísur á 25% afslætti

25%
AFSLÁTTUR



BetterYou munnúðarnir skila hámarks upptöku

25%
AFSLÁTTUR



Allt sem þú þarft til að gera þína eigin Maika í skál

25%
AFSLÁTTUR



Skipulagður snæðingur með nestisboxunum frá Sistema

20%
AFSLÁTTUR



HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 25. JANÚAR - 7. FEBRÚAR 2021

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Staðreyndir um stærstu samningana



Ragnhildur Sverrisdóttir
upplýsinga-
fulltrúi
Landsvirkjunar

trúnaðarupplýsingum um raforku-samninga orkuframleiðenda og stórnotenda á Íslandi. Langflestir aðilar sem leitað var til veittu aðgang að umbeðnum upplýsingum og allir stórnotendur utan einn veittu upplýsingar um raforkuverð sitt,“ sagði í fréttatilkynningu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þegar skýrslan kom út í nóvember sl.

Vandinn ekki vegna raforkuverðs

Það veldur hins vegar vanda við lestur skýrslunnar að eitthvert álveranna hafnaði því að upplýsingar um meðalorkuverð yrðu birtar. Sú upplýsingaleynd leiðir til þess að hver og einn getur túlkað þann hluta skýrslunnar eftir eigin smekk og hagsmunum, hvað sem líður afdráttarlausum meginniðurstöðum hennar um samkeppnishæfni álvera á Íslandi. „Raforkukostnaður álvera á Íslandi er almennt samkeppnishæfur við Kanada og Noreg og lægri en í Þýskalandi,“ eins og ráðuneytið orðaði það í nóvember. Það blasir við þeim sem til þekkja að meginvandi álveranna undanfarið hefur verið samdráttur í eftirspurn á tímum heimsfaraldurs sem og verðlækkun vegna mikils framboðs frá Kína. Samdráttur hér á landi hefur þó ekki verið meiri en annars staðar, svo sem ætla mætti ef raforkuverð væri sérstakur fjötur um fót.

Algengar vísitölutengingar

Auk þess að fara rangt með niðurstöður Fraunhofer um samkeppnishæfni skrifar Ágúst Bjarni að Landsvirkjun ætlist til að raforkuverð sé



tengt verðbólgu í Bandaríkjunum og segir slíkt fátítt. Það er fjarri lagi. Afar algengt er að stórsamningar á borð við raforkusamninga feli í sér svokölluð CPI ákvæði, sem tryggja að verðið uppfærast miðað við breytingar á bandarískri vísitölu. Breska fyrirtækið CRU, sem sérhæfir sig í greiningum á mörkuðum með málma, segir að 32% raforkusamninga til álvera í heiminum utan Kína – álvera sem kaupa raforku af þriðja aðila – séu með verðtryggingu. Það form er algengara en bæði áltenging raforkuverðs og beinar tengingar við verð á raforkumörkuðum.

Samningsbundin orka liggur ekki á lausu

Loks er rétt að leiðrétta enn einu sinni, því þessum rangfærslum er

haldið á lofti víða þessi dagrin, að Landsvirkjun eigi 7,5% raforkuframleiðslu sinnar ónotuð í handraðanum og geti nýtt að vild. Þetta er ekki rétt. Landsvirkjun getur ekki selt þessa „umfram“ orku, því hún er þegar bundin í samningum við stórnotendur.

Nýti álver til dæmis 85% umsaminnar orku þá getur Landsvirkjun ekki ráðstafað þeim 15% sem út af standa. Þau verða að standa álverinu til boða, kjósi það að starfa á ný á fullum afköstum. Það væri í hæsta máta óeðlilegt ef Landsvirkjun brygði fæti fyrir viðskiptavinum sína með því að ráðstafa orkunni þeirra annað, um það hljótuð við þó að vera sammála. Þvert á móti höfum við lagt alla áherslu á að styðja við viðskiptavinum okkar, til að auðvelda

þeim að komast í gegnum erfiða tíma.

Förum rétt með staðreyndir

Í greininni eru fjölmargar aðrar rangfærslur, sem flestar fjalla um einstaka viðskiptavinum Landsvirkjunar líkt og álver, kísil- og gagnaver og stendur líklega þeim nær að leiðrétta, hafi þeir hug á.

Það hlýtur að vera formanni bæjarráðs Hafnarfjarðar kappsmál að fjalla rétt um stærstu viðskiptasamninga sem gerðir eru fyrir hönd landsmanna. Við hjá Landsvirkjun erum alltaf reiðubúin að veita aðstoð og upplýsingar. Það er einn liður í því hlutverki okkar að nýta orkuauðlindir þjóðarinnar á ábyrgan hátt svo þær skili þjóðinni arði, Hafnafirðingum jafnt sem öllum öðrum.

Eitthvað að óttast?



Þorvaldur Örn Arnason
lýðræðissinni,
náttúruverndari
og útivistar-
maður, alinn
upp í sveit

stór, næstum þriðjungur af flatarmáli Íslands, að megninu til jökla og lítt gróin fjöll. Það magnaða við þetta landflæmi er opin og óbyggð víðátta með mikið útsýni og mögnuð tækifæri til margs konar útivistar og ferðalaga. Næstum allt þetta land er nú þegar í eigu ríkisins og góður helmingur þegar friðlýst. En hvað er að óttast? Hvað er í veginum?

Það sem skelfir marga er sú staðreynd að stjórn þessa svæðis verður lýðræðisleg. Í engri annarri stofnun á vegum ríkisins verður víðlíka lýðræði viðhaft. Fjöldi manns verður kosinn og skipaður til að stjórna hverju umdæmi og þjóðgarðinum í heild.

Er þá eitthvað að óttast? Já, svo sannarlega. Lýðræði krefst nefnilega þess að ólíkt fólk með ólíkar skoðanir og ólíka hagsmuni komi

sér saman – og það er skelfilegt! Mörgum lætur það betur að rifast og nöldra en að ná samkomulagi um að gera eitthvað.

Þjóðgarðinum verður skipt í sex stór svæði og hvert þeirra hefur sitt ráð. Saman mynda þessi ráð stjórn alls þjóðgarðsins. Aðliggjandi sveitarfélög hafa meirihluta í stjórn og öllum þessum ráðum. Öllum! Hvers vegna eru þá fáein sveitarfélög með hávær mótmæli, kann einhver að spyrja. Jú, þau þurfa að koma sér sama til að geta nýtt sér þessa yfirburðarstöðu. Já, koma sér saman! Það óttast einhverjir, eðlilega. Það kemur nefnilega ekki að neinu haldi að hafa meirihluta ef hver höndin er upp á móti annarri. Til dæmis er hætt við að kjörð sveitarstjórnarfolk í Mývatnssveit og Bláskógabyggð verði ekki alltaf

sammála. Þá gagnast lítið að hafa meirihluta í stjórn. Ekki er víst að sá sem öskrar hæst hafi sitt fram. Kannski tekst þeim að mynda hræðslubandalag.

Annað við þetta lýðræðisfyrirkomulag er að samtök bænda, ferðaþjónustuaðila, útivistarfólks og náttúruverndara fá hver um sig að tilnefna fulltrúa í öll svæðisráð og líka í stjórn. Er þá ekki allir himinlifandi? Nei. Meðal þessara hagsmunaaðila eru sumir hræddir – við það að þurfa að koma sér saman. Sauðfjárnabændur, kúabændur og ferðaþjónustubændur verða ekki endilega sammála.

Ferðaþjónustufolk og útivistarfólk hefur ekki nákvæmlega sömu hagsmuni. Bílar, hestar, vélsleðar, fjórhjól og fótgangandi fólk á sama svæði fer ekki alltaf vel saman. Þar

getur magnast upp rifrildi. Náttúruverndarfolk er ekki allt sammála um hvernig vernda beri náttúruna. Til dæmis í hve ríku mæli skuli græða upp öræfi og örfoka land og hvernig skuli endurheimta vistkerfi. Völd skapa vesen, ekki sist þegar iðka skal lýðræði.

Í hugtakinu lýðræði felst að lýðurinn sameinist um að láta góða hluti gerast. Það getur verið erfitt – og kvíðvænlegt.

Að ofansögðu skyldi engan undra að frumvarp um Hálandisþjóðgarð valdi titringi. Kannski er þetta of stór og of góð hugmynd til að íslensk þjóð nái saman um hana. Við erum von að potast áfram hver í sínu horni og fá svo útrás í nöldri og pexi. En vonandi lærum við, svo okkur takist að ljúka þessu stóra framfaramáli.

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur út þriðjudaginn
2. febrúar næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Njáll Gunnlaugsson.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth Bergsdóttir, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 694 4103 / ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

HÚSNÆÐI

UNDIRSTAÐA VELSÆLDAR

27.01.21

Þinginu verður streymt og er öllum opið
Fundarstjóri: Brynja Þorgeirsdóttir

Skráning á husnaedisthing.is

Dagskrá

- 13:00 Húsnæðisþingið sett**
Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra
- 13:10 Staða og þróun á húsnæðismarkaði**
Hagfræðingar ræða nýja spá HMS um húsnæðisþörf næstu ára
Ólafur Sindri Helgason, yfirhagfræðingur hjá HMS
Karlotta Halldórsdóttir, sérfræðingur á sviði stafrænnar stjórnsýslu hjá HMS
- Ný húsnæðisúrræði**
Fjallað um ný og nýleg úrræði HMS til að bregðast við húsnæðisþörf almennings
- 13:30 Niðurstöður samstarfsþings HMS og sveitarfélaganna í húsnæðismálum**
Ritstjórnarnefnd þingsins kynnir helstu niðurstöður
Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri HMS
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 13:35 Hver er staðan á húsnæðisáætlunum?**
Álitsgjafar:
Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar
Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri í Flóahreppi
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar
Elmar Erlendsson, sérfræðingur á lánasviði hjá HMS
Sigrún Ásta Magnúsdóttir, forstöðumaður lánasviðs hjá HMS
- 13:50 Hvernig lítur byggingarmarkaðurinn út?**
Álitsgjafar:
